

L Ö G

44

29. maí

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fari fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnimánaðar.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnir annast um, að kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga séu samdar í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram, og miðist þær við lögheimili manna hinn 1. desember næst á undan. Kjörskrárnar gilda frá 17. maí það ár, sem þær eru samdar, til 16. maí næsta ár á eftir.

Þegar kosningar fara fram samkvæmt 5. gr., ákveður ráðherra, hvenær kjörskrár skuli samdar, ef kjörskrár, samdar samkvæmt 1. mgr., eru úr gildi fallnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Gjört að Bessastöðum, 29. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

45

12. júní

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nemi allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitöluþróun, þannig að greiðslur afborgana séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.